



## 45. þing ASÍ

### Áherslur ASÍ 2022 – 2024

### Kjaramál og vinnumarkaður

#### Áherslur ASÍ

- Tryggja þarf grundvallarlöggjöf um réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda á vinnumarkaði og samskipti stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við að verja og þróa frekar heilbrigðan vinnumarkað.
- Tryggja þarf öflugt eftirlit á vinnumarkaði til að sporna við brotum á lögum og kjarasamningum og misneytingu launafólks. Launaþjófnaður sæti refsingum.
- Krafa verkalýðshreyfingarinnar er að tæknibreytingar og breytingar á atvinnuháttum leiði til bættis vinnuumhverfis og lífskjara launafólks.
- Tryggja þarf að uppbrot ráðningarsambanda, óregluleg vinna og óhefðbundin ráðningarsambönd, leiði ekki til kjaraskerðingar vinnandi fólks.

#### Verkefni ASÍ

- Vinna að og þrýsta á um umbætur á grundvallarlöggjöf, í samræmi við loforð ríkisstjórnar tengd lífskjarasamningnum<sup>1</sup>, sem tryggir umgjörð um samskipti stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar sem og viðurlög gegn brotum á vinnumarkaði út frá hagsmunum launafólks. Önnur atriði sem falla þar undir eru aðgerðir gegn kennitölufлакki, keðjuábyrgð, fastur samráðsvettvangur yfirvalda og aðila vinnumarkaðarins um baráttuna gegn brotastarfsemi auk skipulagðs samstarfs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um eftirlit á vinnumarkaði.
- Efla frekar vinnustaðaeftirlit verkalýðshreyfingarinnar og þrýsta á um útvíkkun eftirlits með atvinnugreinum.
- Skoða hvernig hreyfingin getur aðstoðað þolendur misneytingar og mansals sem standa utan stéttarféлага.
- Standa vörð um „rétt launafólks til að aftengjast“ og þau kjarasamningsbundnu réttindi sem viðhalda skilum milli vinnu og einkalífs, þ.m.t. réttindi til bakvaktar- og útkallsgreiðslna vegna tilfallandi vinnu utan hefðbundins vinnutíma skv. ákvæðum kjarasamninga. Ekki síður er rík þörf á að verja réttinn til að aftengjast í þeim tilvikum þegar launafólk er frá vinnu vegna veikinda.

---

<sup>1</sup> Stjórnarráðið. [Yfirlýsing ríkisstjórnar í tengslum við lífskjarasamninga](#)

- Fylgja eftir réttindum starfsmanna sem sinna fjarvinnu skv. samkomulagi ASÍ og SA frá 2006<sup>2</sup> og reglum Vinnueftirlitsins um vinnuvernd í fjarvinnu<sup>3</sup>. Í því tilliti vakta þróun fjarvinnu á vinnumarkaði og greina þörf úrbóta á því sviði.
- Fylgja eftir breytingum á tilhögun og styttingu vinnutíma á íslenskum vinnumarkaði og knýja á um frekari breytingar með það að markmiði að allir hópar launafólks njóti góðs af þeim.
- Standa vörð um kerfi atvinnuleysistrygginga sem byggir á mannúð og virðingu gagnvart atvinnuleitendum. Þrýsta á um að kerfið tryggji afkomu atvinnuleitenda, feli í sér tækifæri til eflingar færni, veiti skilvirkan stuðning í atvinnuleit og leiði til góðra ráðningarsambanda.<sup>4</sup>

## Greinargerð

Miklar breytingar eru að verða á íslensku atvinnulífi og vinnumarkaði vegna fólksflutninga, tæknibreytinga og áskorana í umhverfismálum. Jafnframt geta sviptingar og áföll á alþjóðavettvangi haft mikil áhrif á íslenskan vinnumarkað líkt og nýafstaðinn faraldur COVID-19 bar með sér, einkum í formi þess fjöldaatvinnuleysis sem honum fylgdi.

Samfara þessu eru breytingar að verða á atvinnuháttum - skipulagi vinnunnar og sambandi þeirra sem selja vinnuafli sitt og þeirra sem það kaupa. Þessar breytingar fela m.a. í sér minna starfsöryggi og ótryggari ráðningarsambönd í stað þeirra hefðbundnu sem hvíla á grunni hefðbundinna kjarasamninga.

Til að takast á við þessar breytingar er mikilvægt að styrkja stoðir vinnumarkaðskerfis sem byggir á öflugum samtökum launafólks, kjarasamningum sem ná til vinnumarkaðarins alls, reglum um vinnusamband og öryggisnet sem tryggja öllum afkomuöryggi. Samhliða þarf að vera til staðar öflugt eftirlit sem tryggir að kjör og réttindi launafólks séu virt og að hörð viðurlög séu við launabjófnaði og öðrum brotum atvinnurekenda gagnvart launafólki.

---

<sup>2</sup> ASÍ. Fjarvinna: <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/radningarsambond-stofnun-og-edli/fjarvinna/>

<sup>3</sup> Vinnueftirlitið (2022) Vinnuvernd í fjarvinnu: <https://vinnueftirlitid.is/vinnuumhverfi/oryggi-heilbrigdi/vinnuvernd-i-fjarvinnu>

<sup>4</sup> ASÍ (2021) Íslenskur vinnumarkaður: [https://www.asi.is/media/317291/vinumarkadsskyrsla\\_2021.pdf](https://www.asi.is/media/317291/vinumarkadsskyrsla_2021.pdf)